

REGLUGERÐ100
2. okt.

um

gjaldeyrisverzlun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 48, 4. júní 1924, sbr. lög nr. 9, 27. maí 1925, er hérmeð sett eftirfylgjandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir á hendi gjaldeyrisverzlunina og er hver sá, er á erlendan gjaldeyri, hvort sem er hér á landi eða erlendis, eða eignast hann síðar, skyldur til þess að láta hann af hendi við bankana fyrir skráð kaupgengi.

2. gr.

Öllum er bannað að selja eða kaupa erlendan gjaldeyri nema gegnum bankana, einnig að selja til útlanda íslenskan gjaldeyri hvort heldur seðla, inneignir í bönkum, sparisjóðum eða öðrum stofnunum svo og kröfur á hendur einstökum mönnum hér á landi, nema bankarnir annist þá sölu, skylt skal sérhverjum að gefa gengisnefndinni upp inneignir sínar í erlendum gjaldeyri, þar með talin verðbréf, þegar þess er óskað, og þeir skyldir að láta gjaldeyrinn af hendi við bankann fyrir skráð kaupgengi ef krafizt er.

3. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f skulu takmarka sölu á gjaldeyri til kaupa á ónauðsynlegum varningi eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Eigi verður tekinn, samkvæmt 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar, erlendu gjaldeyrir, ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns, eða nauðsynleg tæki til hans, á næstu 6 mánuðum, eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni á allt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með.

5. gr.

Kaupbeiðnir á erlendum gjaldeyri skulu afhentar bönkunum að minnsta kosti sólarhring áður en afgreiðsla á að fara fram.

100

2. okt.

6. gr.

Brot á móti reglugerð þessari varða sektum frá kr. 100.00—50000.00. nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerðinni skulu rekin sem almenn lögreglumál. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. október 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Sigurjón Markússon.

101

12. okt.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð nr. 57, 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

1. gr.

Í landhelgi fyrir framan strandlengju Keflavíkurhrepps skal leyft að nota dragnætur til fiskveiða á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember þ. á.

Mörk milli Vatnsleysustrandarhrepps og Keflavíkurhrepps eru: Innri-Skora á Vogastapa miðuð við Súgur á Reykjanesi, og mörk milli Keflavíkurhrepps og Gerðahrepps eru: Lína um Merkjastein á Hellunefi um Keflavíkurborg, sem er töft sunnan Gerðavegar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.